

Stjórnarfundur Bárinni, stéttarfélagi miðvikudaginn 17 nóvember kl. 18:00
Haldinn að Austurvegi 56, Selfossi

Mættir:

Halldóra Sveinsdóttir formaður
Örn Bragi Tryggvason varaformaður
Ragnhildur Eiríksdóttir meðstjórnandi
Loftur Guðmundsson meðstjórnandi
Ingibjörg Guðmundsdóttir meðstjórnandi
Ingvar Garðarson varamaður
Hjalti Tómasson varamaður og fundarritari

Jóhannes Kjartansson boðaði forföll

1.

Tekið fyrir bréf frá Verslunarmannafélagi Suðurlands um breytingar á stjórn ÞSS og enn fremur bréf frá Félagi iðn- og tæknigreina sama efnis.

Gerir VMS að tillögu sinni að stjórnarmönnum verði fjölgað í sjö, 3 frá Bárinni, stéttarfélagi, 2 frá Félagi iðn- og tæknigreina og tveir frá Verslunarmannafélagi Suðurlands.

Félag iðn- og tæknigreina leggur til stofnun fulltrúaráðs stéttarfélaganna Austurvegi 56 til að auka samráð og samheldni.

Eftir umræður um kosti og galla hefur stjórnin ákveðið að leggja til sex manna stjórn þar sem félögin tilnefna fulltrúa eftir eignaraðild þ. e. Báran 3 fulltrúa, VMS 2 fulltrúa og FIT 1 fulltrúa.

Stjórnin tekur einnig undir þá ánægju sem lýst er í bréfi VMS um aukið umfang og þjónustu ÞSS.

2.

Kynnt bréf frá Starfsgreinasambandinu til Samtaka Atvinnulífsins vegna ráðningar erlendra starfsmanna til Sláturfélags Suðurlands á liðinni sláturtíð þar sem lýst er þeirri skoðun að um brot á forgangsréttarákvæðum kjarasamninga sé að ræða.

Eftirfarandi er bókað að ósk formanns:

Stjórn Bárunnar, stéttarfélags mun fjalla um málið og birta síðan yfirlýsingu þegar svar hefur borist frá SA.

3.

Tekið fyrir bréf frá Vinnueftirlitinu um vinnutíma sjúkraliða og ófaglærðra á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Ekki er að sjá á úrskurðinum að málið hafi verið skoðað samkvæmt því sem beðið var um og kom fram óánægja sumra fundarmanna með vinnubrögð Vinnueftirlitsins.

Í kjölfarið á úrkurði Vinnueftirlitsins skal eftirfarandi bókað:

Í samræmi við svar Vinnueftirlitsins ákveður stjórn Bárunnar, stéttarfélags að fela formanni að kæra úrskurðinn samkvæmt 98. gr. laga nr. 46 / 1980

4.

Fjallað um breytingar á þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna.

Formaður og varaformaður lögðu fram teikningar, kostnaðaráætlun og tilboð sem borist hefur í verkið.

Fram kom að bæði VMS og FIT hafa samþykkt tilboðið fyrir sitt leiti.

Stjórn Bárunnar samþykkir tilboðið en lætur eftirfarandi bókun fylgja:

Stjórn Bárunnar, stéttarfélags samþykkir fyrirbyggjandi tilboð með eftirfarandi athugasemdum:

Tilboðið eins og það er framsett til umfjöllunar er ógagnsætt þ.e. ósundurliðað.

Leita hefði átt til fleiri verkataka með áherslu á að styðja framleiðslu í heimabyggð.

Stjórnin telur að ekki sé réttlætanlegt að leggja stein í götu framkvæmda á þessu stigi málsins en telur að í framtíðinni þurfi félögin að setja sér skýrar reglur um útboð á þeirra vegum svo tryggt sé að faglega sé staðið að málum.

5.

Formaður greindi frá að næsti stjórnarfundur verði haldinn 13 des. nk. kl. 18:00

Þetta verður hefðbundinn jólafundur með kvöldverði.
Einnig mun ?

6.

Lesið upp bréf frá Óðni Andersen þar sem hann segir sig frá öllum trúnaðarstörfum á vegum Bárunnar, stéttarfélags.

7.

Lagt fyrir stjórn erindi frá N1 um ýmis afsláttarkjör félögum Bárunnar til handa. Stjórnin telur að þar sem ekki sé um verulegan ávinning að ræða fyrir félagsmenn umfram aðra viðskiftavinum N1 að ræða sé rétt að hafna þessu erindi.

8.

Formaður greindi frá því að venja væri, í tilefni jólanna, að Bárán, stéttarfélag styrkti eitthvað gott málefni. Lagði hún til að í þetta sinn yrði styrktur sjóður á vegum kirkjunnar á Selfossi sem heitir Sjóðurinn góði og styrkir efnamanna fólk í Árnassýslu til að halda gleðileg jól.
Var samþykkt einróma að leggja sjóðnum til kr. 400.000 að þessu sinni.

9.

Örn Bragi lagði til að Bárán sendi frá sér tilkynningu um áhyggjur stjórnar af löggæslu á félagssvæðinu og jafnframt yrðu lögreglunni í Árnassýslu þökkuð góð viðbrögð við innbrotum í sumarbústaði félagsins fyrr í haust.

Var stjórnin þessu samþykkt og ákveðið að hafa tilbúna tilkynningu fyrir næsta fund.

10.

Kynnt bréf frá Þór hreinssyni til trúnaðarmanna um námskeiðið Formlegur undirbúningur kjarasamninga, afgreiðsla þeirra og boðun verkfalla.

Taldi formaður að allir sem að verkalýðsmálum koma, þar með taldir stjórnarmenn og varastjórnendur hefðu mikið gagn af því að mæta á námskeiðið og hvatti menn til að mæta, sæju menn sér það fært.

Fundi slitið kl. 20:50

Hjalti Tómasson fundarritari